

# Fundargerð 360. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2013, föstudaginn 18. október 2013 kl. 10:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Már Sveinbjörnsson, Guðmundur Kristjánsson og Björn Arnaldsson. Guðný Sverrisdóttir og Steinþór Pétursson voru í símasambandi.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundur hafnasambandsins 2013 - 1301023HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 359. fundar frá 3. september 2013.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Hafnafundur 2013 - 1301025HA

Starfsmaður gerði grein fyrir uppgjöri ráðstefnunnar og benti á að allar glærur frá hafnafundinum væru aðgengileg á heimasíðu hafnasambandsins [www.hafnasamband.is](http://www.hafnasamband.is).

*Til kynningar.*

### 3. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA

Lögð fram drög að könnun sem Sjávarklasinn hyggst senda út fyrir hafnasambandið í tengslum við stefnumótun fyrir hafnir landsins.

*Til kynningar.*

### 4. Löggilding hafnarvoga - erindi frá Grindavíkurhöfn - 1310017HA

Lagður fram tölvupóstur frá Grindavíkurhöfn, dags. 9. október, þar sem rætt er um kostnað vegna löggildingunar hafnarvoga og óskað eftir því að hafnasambandið athugi hvort mögulegt sé að fá breytingu á reglum svo ekki þurfti að löggilda hafnarvog á hverju ári.

*Starfsmanni falið að senda fyrirspurn til innanríkisráðherra og Neytendastofu og óska eftir rökstuðningi fyrir þeirri breytingu sem gerð var á reglugerð um löggildingunni vigta. Breytingin orsakaði að löggilda þarf hafnarvogir á hverju ári í stað annars hvers árs.*

### 5. Móttaka á úrgangi frá skipum - 1303021HA

Lögð fram drög að frumvarpi til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum.

*Til kynningar.*

**6. Reglugerð um meðferð dýpkunarefnis - óskað umsagnar - 1307007HA**

Lögð fram til upplýsingar drög að umsögn hafnasambandsins um reglugerð um meðferð dýpkunarefnis.

*Til kynningar.*

**7. Smá forrit/app fyrir hafnir á Íslandi - 1310034HA**

Lagt fram minnisblað og glærupakki þar sem fjallað er um smáforrit eða app sem er hugsað fyrir hafnir á Íslandi.

*Til kynningar.*

**8. Frumvarp til laga um byggingarvörur (heildarlög, EES-reglur), 61. mál. - 1310036HA**

Lagt fram frumvarp til laga um byggingarvörur og tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis, dags. 16. október 2013, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um frumvarpið.

*Stjórn Hafnasambands Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.*

Fundi var slitið kl. 11:00

---

Gísli Gíslason

---

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur Kristjánsson

---

Björn Arnaldsson

---

Valur Rafn Halldórsson